

Nr. 090 / 14 Reykjafoss***Skipverji slasast við fall***

IMO 9202077
Smíðaður: Þýskalandi 1999, stál
Skráður: Hollandi
Stærð: 7589 bt
Mesta lengd: 127 m Breidd: 20,40 m
Dýpt: 10,35 m Vél: 6000 kW
Fjöldi skipverja: 15



Reykjafoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskýrsla frá skipi
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. október 2015 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. ágúst 2014 var Reykjafoss við bryggju í St. Anthony á Nýfundnalandi.

Verið var að hífa gámafleti ofan á gám á þilfari þegar ein keðja í gámagriplu slitnaði á milli kranakróks og griplunnar. Neðri endi keðjunnar féll ofan á skipverja sem var að stýra fletinu á pláss. Hann féll ofan af gámnum sem hann stóð á en í fallinu náði hann til sjóbúnaðarstangar svo hann snerist í fallinu og kom standandi niður.

Eftir skoðun á sjúkrahúsi kom í ljós að hann var óbrotinn en mikið marinn.

Við rannsókn kom fram:

- að uppgefin þyngd á gámafletinu var 30 tonn;
- að griplan var gefin upp fyrir SWL 40 tonn og keðjurnar í hana voru 4x30 tonn;
- að fram kom hjá skipverjanum að þessi tegund keðja höfðu tvívegis slitnað í sitt hvorri griplunni frá því að þær voru teknar í notkun í apríl 2013. Báðar með sama hætti og á sama stað;
- að eftir atvikið var notkun þessa búnaðar hætt og hafði útgerðin leitað eftir skýringum á veikleika keðjanna frá umboðsaðila en ekki fengið;
- að skipverjinn var klæddur viðeigandi öryggisbúnaði.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins má rekja til veikleika í keðju.